

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

1. Hjallastefnan

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 26.817 þ.kr. vegna fjölgunar barna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -26.817
SFS	xxx	Hjallastefnan - fjölgun nemenda	Til 26.817
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarstjórnar frá 2. maí 2025, liður 19, mál MSS22100084 þar sem samþykkt var að fjölga nemendum í 185 úr 165.

2. Landakotsskóli - einskiptisgreiðslur

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 40.000 þ.kr. vegna einskiptisframlags til Landakotsskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -40.000
SFS	xxx	Landakotsskóli	Til 40.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Samþykkt var á fundi borgarráðs þann 11. apríl 2025 að Reykjavíkurborg leggi fram sérstakt framlag til reksturs alþjóðadeildar Landakotsskóla sem nemur 20.000 þ.kr. á ári fyrir tímabilið 2024-2026. Hér er um að ræða greiðslu fyrir árið 2024 og 2025.

3. Sumarstörf fyrir 17 ára

Lagt er til að gert verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna sumarstarfa fyrir 17 ára. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostnaður	Frá	-100.000
ÖNN	07150	Atvinnumál	Til	100.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarstjórnar frá 8. apríl 2025, máls MSS25040039 þar sem samþykkt var að fjármagna 100 störf fyrir 17 ára ungmenni í sumar. Áætlaður heildarkostnaður vegna ráðninga í 4 vikur er 100.000 þ.kr.

4. Skipulagsbreytingar á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Lagt er til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsviðs hækki um 14.541 þ.kr. vegna skipulagsbreytinga. Fjárheimildin flyst af kostnaðarstað 01410, Innri endurskoðun.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
RHS	01410	Innri endurskoðun og ráðgjöf	Frá	-14.541
ÞON	01285	Skrifstofa sviðstjóra	Til	14.541
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 6. mars 2025, liður 24, MSS25010122, breytingar á starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafar. Breytingin felur í sér að fagsvið ráðgjafar færir til þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

5. Skipulagsbreytingar á mannauðs- og starfsumhverfissviði

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsþróunarsviðs hækki um 8.900 þ.kr. vegna skipulagsbreytinga. Fjárheimildin flyst af þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÞON	01285	Skrifstofa sviðstjóra	Frá	-8.900
MOS	01450	Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	Til	8.900
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 15. maí 2025, liður 2, MSS25050050, tillögur að útfærslu á breyttu samkomulagi upplýsingamála hjá Reykjavíkurborg. Breytingin felur í sér að stöðugildi upplýsingafulltrúa sem sinnir innri samskiptum á þjónustu- og nýsköpunarsviði verði flutt til mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri